

18

12. febr.

## REGLUGERÐ

fyrir barnaskóla Reykjavíkur.

### I.

#### *Um tilgang skólans.*

##### 1. gr.

Það er tilgangur skólans, að veita nemendum sem hagnýtasta þekkingu í þeim fræðigreinum, sem kenndar eru í skólanum, og að hafa heillavænleg áhrif á hugsunarhátt þeirra og siðferði, svo þeir geti orðið góðir og nýtir menn.

### II.

#### *Um inntöku nemenda í skólann.*

##### 2. gr.

Í skólann skulu ganga öll skólaskyld börn í Reykjavíkurskólahéraði, nema þau, sem verða undanþegin samkvæmt lögum.

##### 3. gr.

Skólarnir skulu starfa í 7½ mánuð að meðtöldum leyfum. Skulu þeir byrja 1. okt. og enda 14. maí ár hvert.

Öll börn, sem skólann eiga að sækja, skulu koma í skólaársbyrjun og vera í skólanum út allan námstímann, þangað til prófi er lokið. Undantekningar frá þessu geta því aðeins átt sér stað, að veikindi, flutningar eða aðrar knýjandi ástæður séu fyrir hendi, og skal skólanefnd, að fengnum tillögum skólastjóra, skera úr því, hvort ástæður eru fullnægjandi.

### III.

#### *Um leyfi.*

##### 4. gr.

Leyfi skulu vera þessi:

1. Fullveldisdagurinn 1. des.
2. Jólaleyfi frá 23. des. til 6. jan. að báðum dögum meðtöldum.
3. Öskudagurinn.
4. Páskaleyfi, frá miðvikudegi fyrir skírdag til 3. í páskum að báðum dögum meðtöldum.
5. Sumardagurinn fyrsti.

6. Sé hvítasunna áður en skóli hættir störfum (þ. e. fyrir 14. maí) skal vera **18**  
 hvítasunnuleyfi frá laugardegi til næsta þriðjudags að báðum dögum með- 12. febr.  
 töldum.

Auk þess veitir skólastjóri leyfi einn dag í hverjum mánuði.

Leyfi frá einstökum kennslustundum veitir skólastjóri. Hann ákveður einnig hve langan tíma börnin fá til undirbúnings undir próf.

#### IV.

##### *Um kennara skólans og starfsfólk.*

##### 5. gr.

Fastir kennarar skólans skulu settir og skipaðir og starfsvið þeirra og réttindi ákveðin samkvæmt gildandi lögum um skipun og laun barnakennara. Skólanefnd ræður stundakennara og forfallakennara að fengnum tillögum skólastjóra. Dyraverði og annað starfsfólk skólans ræður skólanefnd einnig að fengnum tillögum skólastjóra og setur starfsfólki erindisbréf, ef þurfa þykir. Kennarar og starfsfólk skólans leggi fram við byrjun hvers skólaárs vottorð skólalæknis eða héraðslæknis um, að þeir séu ekki haldnir neinum næmum sjúkdómi, og sýkist þeir af næmum sjúkdómi á skólaárinu, skulu þeir leggja fram samskonar vottorð, áður en þeir koma í skólann að nýju.

#### V.

##### *Um nemendur skólans.*

##### 6. gr.

Börn þau, sem í skólann ganga, skulu jafnt í kennslustundum sem utan þeirra hegða sér siðsamlega og sýna kennurunum virðingu og hlýðni.

Að fengnum tillögum skólastjóra setur skólanefnd reglugerð um aga og aðra reglu í skólanum. Hún setur einnig að fengnum tillögum skólastjóra og skóla- eða héraðslæknis reglur um notkun skólahúsanna utan kennslustunda og hollustuhætti þeirra.

##### 7. gr.

Börn, er sýkjast af næmum sjúkdómi, mega ekki sækja skólann fyr en þau hafa fengið vottorð skóla- eða héraðslæknis um, að af þeim stafi engin smit-hætta.

##### 8. gr.

Geri barn sig sekt í ósæmilegu athæfi eða brjóti í bág við settar reglur og fyrirskipanir skólans og álitist að hafi spillandi áhrif á önnur börn, og láti eigi skipast við áminningar og fortölur kennara, getur skólastjóri í samráði við kennara vísað því tafarlaust úr skóla, og er þá skólastjóra skylt að tilkynna það

- 18** strax skólanefnd og barnaverndarnefnd. Sé brottrekstrarsök barnsins ekki þess  
 12. febr. eðlis, að hún, að athuguðu máli, komi undir ákvæði barnaverndarlaganna, ber skólanefnd að annast um, að það fái fullnægjandi fræðslu utan skóla.

## VI.

### *Um skóladagbækur, skýrslur og skirteini.*

#### 9. gr.

Skólanefnd heldur bréfabók og gerðabók; en í skólanum skulu vera bréfabók, dagbækur og prófbækur og ber skólastjóra að sjá um, að reglulega sé í þær ritað.

#### 10. gr.

Skýrslur þær og skirteini, sem yfirstjórn fræðslumála heimtar um próf, hús, kennsluáhöld og hvað annað, er að skólahaldinu lýtur, semur skólastjóri og leggur fyrir skólanefnd, sem síðan afgreiðir það til fræðslumálastjóra. Skólanefnd sér um að reikningur yfir skólahaldið í heild sinni verði árlega sendur fræðslumálastjóra.

## VII.

### *Um námsgreinar og stundatöflur o. fl.*

#### 11. gr.

Þessar námsgreinar skal kenna í skólanum:

1. Íslenzku (lestur, kvæði, stíla, málfræði).
2. Skrift.
3. Kristin fræði.
4. Reikning.
5. Sögu.
6. Landafræði.
7. Náttúrufraði.
8. Söng.
9. Leikfimi.
10. Sund.
11. Teiknun.
12. Handavinnu.
13. Matreiðslu.

Skólanefnd má, að fengnum tillögum skólastjóra, láta kenna fleiri námsgreinar eftir því, sem ástæður leyfa og kröfur tímans útheimta, t. d. dönsku og ensku.

Heimilt er forráðamönnum barna að fá þau undanþegin kennslu í kristnum fræðum.

## 12. gr.

Stundatöflu skal semja á hverju ári og leggja undir samþykki skólanefndar, og skal leggja sérstaka áherzlu á þær greinar sem lögboðnar eru, og sérstaklega hagnýtar (sbr. námsskrá).

18

12. febr.

## 13. gr.

Um árspróf og fullnaðarpróf fer eftir því, sem segir í reglugerð um barna-próf.

## 14. gr.

Verði ágreiningur út af ákvæðum reglugerðar þessarar skal skjóta honum undir úrskurð fræðslumálastjórnarinnar.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 40 frá 15. júní 1926, um fræðslu barna, staðfestist hér með framanrituð reglugerð til að öðlast gildi strax.

*Í kennslumálaráðuneytinu, 12. febrúar 1934.*

**Þorsteinn Briem.**

*Gissur Bergsteinsson.*

## R E G L U G E R Ð

19

16. febr.

**um breyting á reglugerð um hafnargjöld í Reykjavík, frá 30. maí 1920.**

## 1. gr.

Vörugjald af fiskmjöli skal vera 2 kr. af hverri smálest frá 1. janúar 1934 til 1. janúar 1935 að telja, og síðan framvegis unz breyting verður á þessu gerð með að minnsta kosti 6 mánaða fyrirvara.

## 2. gr.

Frá 1. janúar 1934 til 1. janúar 1935 að telja, og síðan framvegis unz breyting verður á þessu gerð, með að minnsta kosti 6 mánaða fyrirvara, skal veita öllum fiskiskipum, sem skrásett eru í Reykjavík eða gerð út þaðan, 50% afslátt af öllum lestagjöldum, vita- og sæmerkjagjöldum, bryggjugjöldum og hafnsögu-gjöldum til Reykjavíkurhafnar.

Á sama tímabili skal veita 50% afslátt af vörugjaldi af útfluttum þurrum saltfiski.

## 3. gr.

d liður 17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem